

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 19. desember 2012 í máli nr. E-1285/2012:

A

(Jóhann Haukur Hafstein hdl.)

gegn

Landsbankanum hf.

(Valur Árnason hdl.)

Mál þetta höfðaði A með stefnu birtri 2. apríl 2012 á hendur Landsbankanum hf., Austurstræti 11, Reykjavík. Málið var dómtekið að lokinni aðalmeðferð 22. nóvember sl.

Stefnandi krefst þess aðallega að stefndi verði dæmdur til að greiða henni samtals 153.982.735 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 3. apríl 2012 til greiðsludags. Til vara krefst stefnandi þess að felld verði úr gildi ábyrgð hennar á grundvelli handveðréttar í innstæðureikningi nr. 0140-15-380015, samkvæmt handveðsyfirlýsingu nr. 0140-63-401051, dags. 20. maí 2008, og jafnframt verði stefndi dæmdur til að greiða henni 153.982.735 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 3. apríl 2012 til greiðsludags. Stefnandi krefst loks málskostnaðar. Til þrautavara krefst stefnandi þess að stefndi verði dæmdur til að greiða henni 80.000.000 króna með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 3. apríl 2012 til greiðsludags.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda. Þá krefst hann málskostnaðar.

Í stefnu eru kynnt til sögunnar stefnandi, eiginmaður hennar, B og C ehf., sem hann hafi stofnað og reki enn. Fram kemur í vottorði hlutafélagaskrár að stefnandi sat í varastjórn félagsins frá stofnun þess í febrúar 2003 til 12. nóvember 2009. Félagið og þau hjónin áttu viðskipti við Landsbanka Íslands hf. Bankaviðskipti þeirra voru flutt til stefnda Landsbankans hf., áður NBI hf., með ákvörðun Fjármálaeftirlitsins 9. október 2008.

Stefnandi stundaði m.a. svokölluð afleiðuviðskipti við Landsbanka Íslands hf. á árunum 2007 og 2008. Til tryggingar afleiðusamningum hennar hafði bankinn handveð í innistæðu á innlánsreikningum og ýmsum fjármálagerningum.

Handveðréttur bankans var samkvæmt þremur yfirlýsingum stefnanda, dags. 22. febrúar 2007 og 20. maí 2008. Með fyrstu yfirlýsingunni voru innistæður á reikningum nr. 0101-38-550103 og 0101-38-101713 og tiltekin verðbréf veðsett. Með síðari yfirlýsingunum var annars vegar sett að veði innistæða á reikningi nr. 0140-15-380015, hins vegar innistæða á reikningi nr. 0101-05-159145 og allir fjármálagerningar sem á hverjum tíma yrðu vistaðir á vörslureikningi nr. 526974.

Í öllum yfirlýsingunum var veð veitt til tryggingar hvers konar skuldum stefnanda, eiginmanns hennar, B og einkahlutafélaganna D og C við bankann.

Fjármálaeftirlitið tók yfir vald hluthafafundar Landsbanka Íslands hf. þann 7. október 2008 og skipaði skilanefnd. Í kjölfarið var eignum og skuldum bankans ráðstafað til stefnda, sem þá hét Nýi Landsbanki Íslands. Var gefin út ákvörðun um þetta efni 9. október 2008, en henni var breytt tvívegis, 12. og 19. október. Að því leyti sem skiptir máli hér voru flestar eignir gamla bankans færðar yfir til stefnda, með ákveðnum undantekningum. Þá voru jafnframt flutt tryggingaréttindi sem tengdust kröfum bankans. Með breytingunni 9. október var ákveðið að stefndi tæki ekki yfir réttindi og skyldur samkvæmt afleiðusamningum. Loks var með breytingunni 19. október ákveðið að stefndi skyldi skila til gamla bankans sérgreindum tryggingum vegna kröfuréttinda og afleiðusamninga sem ekki fluttust til stefnda. Kjarninn í ágreiningi aðila snýst um þetta atriði, þ.e. hvort handveðið í innistæðureikningi stefnanda hafi flust til stefnda.

Með bréfi dags. 22. febrúar 2012 tilkynnti stefndi að hann myndi ráðstafa innistæðu á reikningi nr. 0140-15-380015 inn á þær skuldir C ehf. sem handveð væri fyrir í reikningnum. Stefndi mótmælti þessari fyrirætlan með bréfi dags. 28. febrúar 2012 og ítrekaði mótmæli sín með bréfi dags. 5. mars 2012.

Stefndi svaraði mótmælum stefnanda fyrst með bréfi dags. 26. mars 2012. Þar er afstaða bankans skýrð og sagt að þann 23. febrúar hefði 153.982.735 krónum verið ráðstafað af innlánsreikningi stefnanda upp í skuldir C ehf.

Í greinargerð stefnda er sundurliðað hvaða skuldir voru greiddar með úttekt af innlánsreikningnum. Er ekki ágreiningur um þessar skuldir eða fjárhæð þeirra, en málsástæður stefnanda verða raktar hér á eftir. Var eingöngu um að ræða skuldir C ehf. Var um að ræða yfirdrátt á tékkareikningi og skuld samkvæmt þremur lánasamningum, þar af tveimur í erlendum myntum.

Stefndi átti enn fremur veðrétt í tveimur fasteignum ... til tryggingar skuldum C. Veðum þessum var aflýst 29. febrúar 2012.

Í stefnu er bent á að samkvæmt d-lið 1. mgr. 7. gr. laga nr. 32/2009 um ábyrgðarmenn hafi stefndi átt að senda stefnanda yfirlit um ábyrðir hennar fyrir þriðja aðila. Stefndi hafi aldrei sagt frá handveðsetningu reiknings nr. 0140-63-401051 í þessum yfirlitum. Telur stefnandi skýringuna vera þá að handveðið hafi aldrei verið framselt til stefnda. Enn fremur bendir stefnandi á að ekki hafi nokkru sinni verið getið um vanskil aðalskuldara í yfirlitum þessum.

Í aðilaskýrslu stefnanda kom fram að hún hefði ekki haft nein afskipti af viðskiptum sínum við bankann. Eiginmaður sinn, B, hefði annast viðskiptin. Hefði

hún oft skrifað undir skjöl sem hann kom með til hennar, en hún hafi ekki skipt sér neitt af þessum viðskiptum. Hún kvaðst ekki vita hvernig henni hefði áskotnast féð sem þau ávöxtuðu.

Þ staðfesti þá lýsingu stefnanda að hann hefði alfarið séð um samskipti þeirra við bankann. Hann hefði verið mest í sambandi við Snorra Steinsson, sem hefði séð um einkabankaþjónustu við þau.

Málsástæður og lagarök stefnanda

Aðalkrafa

Stefnandi byggir á því að stefndi hafi ekki átt veðrétt í reikningi nr. 0140-15-380015. Veðréttur þessi hafi ekki verið framseldur frá Landsbanka Íslands hf., sem nú sé í slitaferli. Það felist í ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá 12. október 2008, sbr. ákvörðun frá 19. október sama ár, að gamli Landsbankinn sé ennþá veðhafi. Afleiðusamningar hafi ekki verið fluttir yfir í nýja bankann og því ekki tryggingar fyrir þeim viðskiptum. Sönnunarbyrði um framsal veðréttarins hvíli á stefnda.

Því byggir stefnandi endurkröfu sína á því að stefnda hafi verið óheimilt að taka fé af reikningi hennar í febrúar 2012.

Stefnandi kveðst hafa verið í umfangsmiklum afleiðuviðskiptum við gamla bankann og því veðsett innlánsreikning sinn í bankanum. Réttindi og skyldur samkvæmt afleiðusamningum eigi hún gagnvart gamla bankanum. Eðli máls samkvæmt eigi því gamli bankinn handveðréttinn.

Nánar bendir stefnandi á að 2. október hafi henni borist krafa gamla bankans um að hún legði fram viðbótartryggingar vegna markaðsviðskipta sinna. Gert hafi verið veðkall, þar sem tryggingar hafi ekki verið nægar, þ.m.t. innistæða á hinum handveðsetta innlánsreikningi. Reikningur þessi hafi verið til tryggingar skuldbindingum stefnanda samkvæmt afleiðusamningum við gamla bankann. Vísar stefnandi hér einnig til yfirlýsingar Snorra Steinssonar, en hann hafi verið ráðgjafi hennar í einkabankaþjónustu. Innistæða á reikningi nr. 0140-15-380015 hafi verið sérgreind sem trygging vegna afleiðuviðskipta stefnanda.

Loks byggir stefnandi á 2. mgr. 10. gr. laga nr. 75/1997. Verði krafa sem tryggð skuli ekki framseld, gildi það sama um veðrétt til tryggingar henni.

Aðalkrafa stefnanda er byggð á reikningsyfirliti frá stefnda, en teknar hafi verið út 71.182.735 krónur þann 23. febrúar 2012 og 83.604.404 krónur þann 24. febrúar 2012. Samtals hafi því verið teknar út 154.787.139 krónur. Krafist sé endurgreiðslu þeirrar fjárhæðar að frádregnum 808.533 krónum, sem endurgreiddar voru. Þá er krafist dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. vaxtalaga frá þingfestingardegi.

Varakrafa

Í varakröfu er þess krafist að ábyrgð stefnanda á grundvelli handveðréttar í reikningnum verði felld úr gild og stefnda verði gert að endurgreiða þá fjárhæð sem hann tók af reikningnum. Ábyrgðin hafi verið fallin niður samkvæmt 7. gr. laga nr. 32/2009 þegar fénu var ráðstafað.

Stefnandi byggir á því að hún hafi aldrei fengið tilkynningar frá stefnda vegna vanskila C ehf., en stefndi hafi tekið fé af reikningi stefnanda vegna vanskila þessa félags. Samkvæmt a-lið 1. mgr. 7. gr. laga nr. 32/2009 skuli senda ábyrgðar manni skriflega tilkynningu um vanefndir svo fljótt sem verða má. Stefndi hafi ekki fullnægt þessari skyldu. Í yfirlitum á síðustu fjórum árum hafi aldrei verið minnst á að C ehf. væri í vanskilum við stefnda, þótt svo hafi verið, t.d. hafi stefndi höfðað mál á hendur félagi þessu í apríl 2011, án þess að tilkynna það stefnda.

Þá hafi ekki verið minnst á veðsetningu innlánsreiknings stefnanda í yfirlitum stefnda. Hafi hann verið veðsettur til tryggingar skuldbindingum C hafi stefnda borið að tilgreina það í reglulegum ábyrgðaryfirlitum, sbr. d-lið 1. mgr. 7. gr. laga nr. 32/2009.

Stefnandi segir að samkvæmt 2. mgr. 7. gr. laganna skuli ábyrgðarmaður vera skaðlaus af vanrækslu lánveitanda á tilkynningarskyldu samkvæmt 1. mgr. Sé vanræksla veruleg skuli ábyrgð falla niður. Vanræksla stefnda sé veruleg. Hann hafi ekki síðustu fjögur ár skýrt frá vanskilum eða tilgreint að bankinn ætti veðrétt í innstæðureikningi hennar. Því telur stefnandi að ábyrgð sín hafi verið fallin niður í apríl 2012.

Varakrafa stefnanda er sundurliðuð með sama hætti og aðalkrafa hans.

Stefnandi vísar til meginreglna kröfuréttar, m.a. reglna um endurgreiðslu, og áðurgreindra laga um ábyrgðarmenn og um sammingsveð.

Málsástæður og lagarök stefnda

Stefndi byggir á því að allar tilgreindar eignir, kröfuréttindi og trygginga réttindi hafi flust yfir til stefnda með ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá 9. október 2008. Með ákvörðun 12. sama mánaðar hafi verið ákveðið að stefndi tæki þó ekki yfir réttindi og skyldur samkvæmt afleiðusamningum. Með ákvörðun 19. sama mánaðar hafi síðan verið ákveðið að stefndi skyldi standa gamla bankanum skil á sérgreindum tryggingum vegna réttinda sem ekki flyttust yfir.

Stefndi segir að engin skil hafi verið gerð til gamla bankans vegna handveðs á innistæðu á reikningi nr. 0140-15-380015, sem um sé fjallað í þessu máli. Stefnandi hafi ekki fært á það sönnur. Sönnunarbyrðin hvíli á honum.

Stefndi kveðst hafna þeirri málsástæðu stefnanda að handveðið hafi verið bundið við skuldbindingar samkvæmt afleiðusamningum. Vísar stefndi hér til orða lags yfirlýsingarinnar. Þar sé talið upp víxilskuldir, víxilábyrgðir, yfirdráttur á

tékkareikningi, skuldabréf o.fl. skuldir stefnanda og B, D ehf. og C ehf. Þá verði þessi skilningur heldur ekki lesinn út úr kröfu um viðbótartryggingu, dags. 2. október 2008.

Stefndi mótmælir því í greinargerð að yfirlýsing Snorra Gunnars Steinssonar, fyrrverandi starfsmanns Landsbanka Íslands hf., hafi þýðingu í málinu. Í yfirlýsingunni komi skýrt fram að handveðið hafi verið til tryggingar á skuldum þriðja aðila, auk afleiðusamninga. Sé þetta í samræmi við afmörkun yfirlýsingarinnar.

Stefndi mótmælir þeirri málsástæðu stefnanda fyrir aðalkröfu hans sem byggir á 2. mgr. 10. gr. laga um samningsveð nr. 75/1997. Ítrekar hann hér að handveðið hafi ekki verið bundið við afleiðuskuldir. Tryggingin hafi flust til stefnda með ákvörðun Fjármálaeftirlitsins 9. október 2008. Því hafi ekki verið breytt í kjölfar ákvarðana eftirlitsins 12. og 19. sama mánaðar. Handveðinu hafi ekki verið skilað til gamla bankans, enda ekki um sérgreinda tryggingu að ræða.

Stefndi mótmælir varakröfu stefnanda sem byggir á því að ábyrgð hafi fallið niður samkvæmt 7. gr. laga nr. 32/2009 um ábyrgðarmenn. Stefndi vísar til þess að lög um ábyrgðarmenn hafi tekið gildi 2. apríl 2009 og taki til ábyrgða frá þeim tíma. Stefnandi hafi fengið yfirlit eftir áramótin 2009-2010 um ábyrgðir fyrir skuldum annarra aðila, dags. 18. febrúar 2010. Í því yfirliti hafi verið getið um handveðið frá 22. ágúst 2007. Í yfirlitum 1. janúar 2011 og 1. janúar 2012 hafi verið getið um tryggingabréf sem hvíldi á húsinu að ..., en þar búi stefndandi ásamt eiginmanni sínum. Í yfirlitunum sé tekið fram að í þau kunni að vanta ábyrgðir og megi ekki telja þau tæmandi.

Þótt allar ábyrgðir stefnanda hafi ekki verið tilgreindar í yfirlitum þessum, komi fram í bréfi lögmanns stefnanda, dags. 5. janúar 2010, að stefnanda hafi verið fullkunnugt um ábyrgð sína með innistæðu á bankareikningnum vegna skulda C ehf. og aðrar ábyrgðir sem tíundaðar séu í bréfinu. Frá þessum tíma og fram til þess að handveðið var innleyst í febrúar 2012 hafi lögmaður stefnanda og eiginmaður hennar átt samskipti við starfsmenn stefnda vegna ábyrgða stefnanda og skulda C. Telur stefndi upp nokkrar orðsendingar sem hann hafi sent stefnanda eða lögmanni hans, svo og málshöfðanir. Telur hann augljóst að allt frá ársbyrjun 2010 hafi stefnanda verið fullkunnugt um þær ábyrgðir sínar vegna skulda C ehf. Bendir stefndi einnig á bréf lögmanns hennar, dags. 5. janúar 2010. Lögmaður stefnanda hafi átt í samningaviðræðum við stefnda á árinu 2011 þar sem ábyrgðir stefnanda vegna skulda C voru til umfjöllunar, auk þess sem eiginmaður stefnanda átti einnig í samningaviðræðum við stefnda vegna sömu mála. Loks segir stefndi að stefndandi hafi setið í varastjórn C ehf. þar til í nóvember 2009. Hún hljóti að hafa þekkt fjárhagsstöðu félagsins. Þá sé eiginmaður hennar fyrirsvarsmaður félagsins og því ólíklegt annað en að hún hafi þekkt stöðuna.

Stefndi kveðst vísa til þess að við uppgjörið hafi hann komið til móts við sjónarmið stefnanda um lækkun á dráttarvöxtum og innheimtukostnaði. Þá hafi ekki verið gengið að veðum sem stóðu til tryggingar skuldum C ehf., á heimili stefnanda og eiginmanns hennar að ... og á ... Þeim veðum hafi verið aflýst.

Stefndi kveðst ekki mótmæla því að eftir áramótin 2009-2010, þegar stefndandi hafi átt að fá yfirlit samkvæmt d-lið 1. mgr. 7. gr. laga um ábyrgðarmenn,

þá hafi hún ekki fengið fullnægjandi yfirlit um ábyrgðir hennar og um stöðu lána sem ábyrgðir hennar stóðu fyrir. Á móti bendir stefndi á að lögmaður stefnanda hafi ritað stefnda bréf í janúar 2010 þar sem allar ábyrgðir stefnanda hafi verið taldar upp, m.a. ábyrgðin sem um sé fjallað hér. Stefnandi hafi því verið fullkunnugt um hana.

Á sama hátt hafi ýmis samskipti átt sér stað milli lögmanns stefnanda og stefnda á árinu 2011, sem stefnandi sjálf og eiginmaður hennar hafi einnig komið að. Allar upplýsingar um ábyrgðir hennar hafi legið ljósar fyrir. Því skipti ekki máli þótt fullnægjandi yfirlit hafi ekki verið sent um áramótin 2010-2011.

Því kveðst stefndi hafna því að hann hafi sýnt af sér slíka vanrækslu að handveðsetning innistæðunnar hafi fallið úr gildi, eða að fella skuli hana úr gildi. Vísar stefndi til mikilvægis meginreglna samninga- og kröfuréttar um skuldbindingargildi samninga og efnidir kröfuréttinda. Skýra verði 2. mgr. 7. gr. laganna þröngt með hliðsjón af þessum meginreglum.

Auk þeirra réttarheimilda og ákvarðana Fjármálaeftirltisins, sem nefndar eru hér að framan, kveðst stefndi byggja á lögum um samningsveð nr. 75/1997.

Í málflutningsræðu lögmanns stefnda bar hann fyrir sig þá málsástæðu eða þau lagarök að lög nr. 32/2009 gildi ekki um stefnanda. Handveðið hafi verið sett vegna atvinnurekstrar þeirra hjóna, en stefnandi hafi til skamms tíma verið varamaður í stjórn C.

Lögmaður stefnanda mótmælti því að þessi röksemd kæmist að. Hér væri hreyft nýrri málsástæðu, sem hefði átt að koma fram í greinargerð. Þá taldi lögmaðurinn að lögin giltu um umrætt handveð. Stefnandi væri ekki í stjórn C ehf.

Niðurstaða

Í greinargerð stefnda var krafist frávísunar málsins, en hann féll síðar frá þeirri kröfu. Hann hélt sig þó við það að benda á frávísunarástæður þær sem hann hafði byggt á og sagði að vísa bæri málinu frá án kröfu.

Það voru tvö atriði sem frávísunarkrafa hafði verið studd við. Annars vegar að stefna hefði þurft Landsbanka Íslands hf. til aðildar við hlið stefnda, en miðað við málsástæður stefnanda ætti að leysa úr um réttindi þessa aðila líka. Hins vegar var sagt að málið væri vanreifað.

Hvorugt þessara atriða leiðir til frávísunar þessa máls. Málið er nægilega reifað og afmarkað til að vörnum verði haldið uppi og leyst úr kröfum. Þá er krafist endurgreiðslu úr hendi stefnda, en niðurstaða um þessa kröfu varðar Landsbanka Íslands hf. engu og bindur hann ekki.

Fyrsta atriði sem stefnandi byggir á er það að stefndi hafi ekki átt umrætt handveð, heldur Landsbanki Íslands hf., gamli bankinn.

Fyrst er til þess að líta að samkvæmt texta handveðsyfirlýsingarinnar er veðið til tryggingar öllum skuldum hinna tilgreindu aðila við bankann. Stefnandi hefur sýnt fram á að hún hafi lagt fram frekari handveð vegna þess að svokallaður afleiðurammí var hækkaður. Þrátt fyrir það var veðið ekki eingöngu sett til tryggingar kröfum er stofnuðust við afleiðuviðskipti. Er stefnandi bundin af efni veðsetningarinnar eins og hún er afmörkuð í yfirlýsingunni.

Skipti milli stefnda og Landsbanka Íslands hf. voru ákveðin eftir leiðbeiningarreglum sem fram koma í ákvörðunum Fjármálaeftirlitsins. Eftirlitið fjallaði ekki um hvert einasta skuldaskjal eða ábyrgðaryfirlýsingu, því varð að semja sérstaklega um skipti allra krafna, sem ekki féllu örugglega til annars hvors aðila. Þannig var með handveð það sem deilt er um í þessu máli. Af gögnum þeim sem stefnandi lagði fram verður ekki annað séð en að handveðið hafi verið framselt stefnda. Hefur stefnandi ekki sýnt fram á að svo hafi ekki verið. Þá verður ekki fallist á að framsalið hafi verið óheimilt, en veðrétturinn átti að tryggja fjárkröfur sem framselja mátti.

Stefnandi hefur ekki borið fyrir sig að C ehf. hafi ekki staðið í skuld við stefnda. Stefndi átti handveð til tryggingar skuldum þessa félags og gat því gengið að veðinu til lúkningar kröfum sínum.

Stefndi gengst við því að misbrestur hafi orðið á að tilgreina umrætt handveð í árlögum yfirlitum til stefnanda. Stefnandi heldur því fram að vanræksla stefnda í þessu efni hafi verið veruleg.

Samkvæmt 2. mgr. 7. gr. laga nr. 32/2009 um ábyrgðarmenn skal ábyrgðar maður verða skaðlaus af vanrækslu kröfuhafa um tilkynningar. Stefnandi hefur ekki skýrt hvaða tjón hefur hlotist af vanrækslu stefnda. Stefnandi bar sjálf í aðilaskýrslu sinni að hún hafi lítið fylgst með eða skipt sér af bankaviðskiptum sem að hluta til voru í hennar nafni. Hafði hún falið eiginmanni sínum að annast viðskiptin og öll samskipti við bankann. Ekki verður annað ráðið en að eiginmanni stefnanda hafi alla tíð verið fullkunnugt um stöðu viðskiptanna við bankann og hvaða veðréttindi og aðrar tryggingar bankinn hafði. Þá hefur því ekki verið haldið fram að gripið hafi verið til einhverra aðgerða, eða eitthvað látið ógert, vegna þess að ekki hafi verið kunnugt um þetta handveð. Verður því að hafna þeirri málsástæðu stefnanda að veðréttur stefnda hafi verið fallinn niður.

Að þessu sögðu þarf ekki að fjalla um það hvort það sé ný málsástæða af hálfu stefnda að lög um ábyrgðarmenn gildi ekki hér, og komist því ekki að í málinu, eða hvernig leysa ætti úr henni.

Stefndi verður sýknaður af kröfum stefnanda. Með réttu ætti að dæma stefnanda til greiðslu málskostnaðar, en þar sem það er vissulega rétt að stefndi vanrækti skyldu sína til yfirlitsgerðar, verður málskostnaður felldur niður.

Jón Finnbjörnsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð

Stefndi, Landsbankinn hf., er sýknaður af kröfum stefnanda, A.

Málskostnaður fellur niður.

Jón Finnbjörnsson